

Skattstjórinn í Reykjavík

Alþingi

Erindi nr. P 127/005

komudagur 5.7.2002

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
bt. nefndasviðs Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 3. apríl 2002

Með bréfi efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 18. mars 2002, var óskað eftir umsögn minni um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, og lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum (582.mál).

Með frumvarpi þessu, sem er 5 greinar, eru lagðar til breytingar á þrennum lögum. Ég tel eingöngu ástæðu til að fjalla um 2. gr. frumvarpsins.

Með 2. gr. frumvarpsins er lögð til breyting á 6. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, svo sem henni var breytt með lögum nr. 133/2001. Lagt er til að kæra megi ákvarðanir skattstjóra um reiknað endurgjald á staðgreiðsluári til ríkisskattstjóra, sem taki endanlega ákvörðun um fjárhæð endurgjaldsins á staðgreiðsluári. Þar sem ákvörðun reiknaðs endurgjalds á staðgreiðsluári er bráðabirgðaákvörðun tel ég að breyting þessi yrði til mikilla bóta. Í frumvarpsákvæðinu kemur ekkert fram um þann frest, upphaf hans eða lengd, sem kærendur hafa til slíks málsskots. Í lögum nr. 45/1987 eru engin ákvæði um málsmeðferð við ákvörðun eða breytingu á reiknuðu endurgjaldi og ekki er að finna í þeim almenna tilvísun í lög nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, varðandi málsmeðferð. Ég tel mjög brýnt að úr því verði bætt.

Virðingarfyllt

Gestur Steinþórsson

Gestur Steinþórsson

